

Skilyrði fyrir hæsnahaldi

Með vísan til 42. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 903/2024 heimilar Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hæsnahald á lóð leiksólans Akurs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Fjöldi fugla

Heimilt er að halda að hámarki 8 hænur. Hani er ekki leyfður.

Staðsetning og húsakostur

Hæsnahús og útigerði skulu vera staðsett þannig að ekki valdi hættu fyrir börn eða starfsfólk. Hús og girðingar skulu vera hæsnaheld og auðþrífanleg. Hæsnahús- og hæsnagerðið eru barnlaus svæði.

Lausaganga

Lausaganga er aðeins heimil í útigerði við hæsnahús á skólatíma. Ekki er heimilt að fuglarnir gangi lausir utan þessa svæðis. Hæsnaeigandi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hæsnnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, s.s. vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrífnaðar. Til að koma í veg fyrir ónæði ber að hafa myrkur hjá hæsnunum frá kl. 21 til 7 alla daga.

Hreinlæti og meðferð úrgangs

Þrifa þarf hæsnakofa að lágmarki vikulega. Hæsnaskít skal fjarlægja við daglega umhirðu og má ekki safnast upp. Farga skal hæsnaskít á löglegan hátt. Fótabúnað og annan hlífðarfatnað sem notaður er við umhirðu skal þrifa reglulega og ekki fara með inn í leikskólann.

Meindýravarnir

Umráðamanni/leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður. Hæsnafóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Til að fyrirbyggja að meindýr komist í fóður skulu ílát vera í a.m.k. 35 sm hæð frá jörðu og vera u.þ.b. 60 sm djúp.

Fóður

Vegna hættu á dýrasjúkdómum er alfarið bannað að fódra alifugla með kjötleifum alifugla, þó svo að afgangarnir hafa verið eldaðir. Ekki er ráðlagt að gefa hænum kjöt frá öðrum dýrum, það er ekki heilnæmt fyrir þær. En sé það gert skal þá kjötið ávallt vera hitameðhöndlað. Gæta skal fyllsta hreinlætis við söfnum afganga úr eldhúsi fyrir alifugla til að tryggja að þeir komist aldrei í snertingu við hrátt kjöt og hrá egg nema egginn séu úr sama hæsnahópi.

Neysla eggja

Neysla eggja úr hæsnahaldinu er óheimil.

Um gengni leikskólabarna

Um gengni skal takmarkast við að skoða fuglana inn um glugga í hæsnahúsinu og í útigerði.

Veikindi fugla

Heilbrigðiseftirlit og/eða Matvælastofnun geta krafist reglulegrar eða tilfallandi sýnatöku úr fuglum til að útiloka smitsjúkdóma. Við veikindi fugla skal tafarlaust hafa samband við dýralækni.

Eftirlit og afturköllun leyfis

Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með framkvæmd skilyrða. Ef skilyrðum er ekki fylgt eða hæsnahald veldur ónæði eða hættu, gæti þurft að endurskoða leyfisveitinguna.